



AXIS sjúkdómatrygging



SKÍRTEINI

Vátryggingarskírteini þetta samanstendur af skírteini, skilmálum og öllum öðrum ákvæðum, skilyrðum, meðfylgjandi ábyrgðum og útgefnum viðaukum.

Markaðstilvísun vátryggingamiðlunar (UMR): B1511200066KG

Tegund vátryggingar: Sjúkdómatrygging

Númer vátryggingarskírteinis:

Samningsnúmer:

Dagsetning tilboðs:

Nafn vátryggðs:

Fæðingardagur:

Heimilisfang vátryggðs:

Gildistími vátryggingar er frá:

til:

að báðum dögum meðtöldum samkvæmt heimilisfangi **þínu**, og áframhaldandi tímabil sem báðir aðilar komast að samkomulagi um.

Vátryggingarfjárhæð(ir): GBP

Iðgjald: GBP

Skattur af iðgjaldi: Á ekki við

Landfræðileg mörk vátryggingar:

Gildir um allan heim

Vátryggjandi: AXIS Specialty Europe SE.

AXIS Specialty Europe SE er með starfsleyfi frá Seðlabanka Írlands. AXIS Specialty Europe SE er skráð í fyrirtækjaskrá Írlands undir númerinu 353402SE og er með skráð aðsetur við Sixth Floor, 20 Kildare Street, Dublin 2, Ireland. AXIS Specialty Europe SE er dótturfélag í óbeinu eignarhaldi AXIS Capital Holdings Limited, fyrirtæki sem skráð er á Bermuda og skráð í kauphöllina í New York.

Stefnuferli (Service of Suit):

Allar stefnur eða tilkynningar á hendur AXIS Specialty Europe SE í þeim tilgangi að hefja málaferli gegn fyrirtækinu í tengslum við þessa tryggingu skal stíla á og afhenda Tryggingamiðlun Íslands, Hlíðasmára 12, 201 Kópavogi. Sími::553 6688. Netfang: tmi@tmi.is

Vátryggingamiðlun:

Tryggingamiðlun Íslands, Hlíðasmára 12, 201 Kópavogi – sími: + 354 553 6688 – netfang: tmi@tmi.is

Skráningarnúmer vátryggingarmiðlunar: 113846CJK

Vátryggingamiðlunin starfar sem umboðsaðili AXIS Specialty Europe SE og uppfyllir skyldur þess.

Skilmálar og viðaukablöð sem fylgja auk sérstakra skilyrða:

Lög sem eiga við um samninginn (lög hvaða lands skera úr um ágreining sem kann að koma upp um samning þennan):

Ísland

Lögsagnarumdæmi sem á við um þennan samning (það land þar sem skorið verður úr um hvern þann ágreining sem upp kann að koma í tengslum við samninginn):

Ísland

Bótakröfur

Komi til þess að þú óskir þess að gera kröfu til bóta úr þessum vátryggingarsamningi getur þú haft samband við vátryggingaráðgjafa þinn eða TMÍ eins og útskýrt er á blaðsíðu 14 í skilmálum.

Vátryggingaráðgjafi:

Kvartanir:

Komi til þess að þú þurfir að leggja fram kvörtun getur þú haft samband við:

Tryggingamiðlun Íslands - **TMÍ**

Hlíðasmári 12

201 Kópavogur

Sími: 553 6688

Netfang: tmi@tmi.is

Vátryggingarsamningurinn:

Í skiptum fyrir greiðslu þess iðgjalds sem tilgreint er í **skírteini** samþykkingum **við** að tryggja **þig** samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem tilgreindir eru í vátryggingarsamningi, gegn **líkamsskaða** og/eða **veikindum** á þann hátt og upp að því marki sem tilgreint er í samningi þessum á **vátryggingartímabili**.

Iðgjald kemur til greiðslu þegar vátrygging er gefin út nema komist sé að samkomulagi um annað. Greiða þarf iðgjald áður en skaðabótaskylda **okkar** hefst.

Undirritað af:

Dagsett:

Kostnaður vegna uppsagnar: Enginn

Vátryggingarskírteini þetta er aðeins gilt ef á því er undirskrift vátryggingamiðlunar, fyrir hönd AXIS Specialty Europe SE.

Contents

Kynning	6
Um sjúkdómatrygginguna þína – mikilvægar upplýsingar.....	6
Upplýsingar sem þú hefur veitt okkur	6
1 Greiðsla iðgjalda.....	6
2 Iðgjöld ekki greidd.....	7
3 Bætur vegna bótaskyldra sjúkdóma og örorku.....	7
3.1 Skilgreiningar.....	7
3.2 Bætur	10
3.3 Bótakröfur og tilkynningar	10
4 Bætur vegna algerrar og varanlegrar örorku	11
4.1 Skilgreiningar.....	11
4.2 Bætur	11
4.3 Bótakröfur og tilkynningar	11
5 Veikindi barna og örorkubætur.....	12
5.1 Skilgreiningar.....	12
5.2. Bótagreiðslur.....	12
5.3 Bótakröfur og tilkynningar	12
6 Hvað er ekki bætt.....	13
7 Endurskoðun tryggingar.....	13
8 Hvernig á að sækja um bætur	14
9 Lög sem eiga við um váttrygginguna	14
10 Rétthafabreyting	15
11 Breyttar kringumstæður	15
12 Réttindi annarra aðila	15
13 Almennt.....	15
14 Váttryggingu sagt upp	15
15 Skilgreiningar.....	15

Kynning

Um sjúkdómatrygginguna þína – mikilvægar upplýsingar

Þetta skjal, **skírteinið**, og hverjir þeir **sérskilmálar** sem fylgja mynda váttrygginguna **þína**. Í váttryggingu þessari eru settir fram skilmálar váttryggingarsamningsins á milli **þín** og **okkar**. Vinsamlegast lesið allt skjalið vandlega og haldið því til haga á öruggum stað. Váttryggingin veitir vernd þegar kemur til skyndilegra og óvæntra atburða. Váttryggingin veitir ekki vernd gagnvart atburðum sem þú eða sú váttryggð/sá váttryggði koma sjálf í kring.

Það er mikilvægt að þú kannir hvort upplýsingarnar sem koma fram í skírteininu séu réttar og að fram komi sú váttryggingarvernd sem þú óskaðir eftir (sjá hlutann um „upplýsingar sem þú hefur veitt okkur“, hér fyrir neðan). Einnig skal tilkynna TMÍ ef eitthvað er ekki rétt við þær upplýsingar sem fram koma í skírteininu sem og ef þarf að breyta þeim upplýsingum. Sé það ekki gert gæti það haft áhrif á rétt þinn til bóta úr váttryggingunni.

Það eru tvær útgáfur af skilmálunum, sú fyrri er á ensku og sú síðari er þýðing yfir á íslensku. Komi fram mismunur gildir enska útgáfan.

Upplýsingar sem þú hefur veitt okkur

Þegar við samþykkjum þessa tryggingu og setjum fram skilmála hennar og iðgjald, treystum við á þær upplýsingar sem **þú** hefur veitt okkur. Þú verður því að gæta þess að allar upplýsingar sem þú veitir okkur og svör við þeim spurningum sem **við** spyrjum séu réttar og nákvæmar.

Ef í ljós kemur að **þú** hafir viljandi eða af gáleysi veitt **okkur** rangar eða misvísandi upplýsingar munum **við** fara með þessa váttryggingu eins og hún hafi aldrei verið til staðar og synja öllum bótakröfum. Ef **við** komumst að því að **þú** hafir af kæruleysi veitt okkur rangar eða misvísandi

upplýsingar gæti það haft áhrif á váttrygginguna **þína** og bótakröfur. Við gætum til að mynda:

- Farið með váttrygginguna eins og hún hefði aldrei verið til staðar, neitað að greiða bótakröfu og endurgreitt iðgjöld. Það gerum við aðeins ef við hefðum ekki veitt váttryggingarvernd miðað við réttar upplýsingar; eða
- Aðlagað skilmála tryggingar þinnar. Við gætum sett á breytta skilmála afturvirkkt miðað við réttar upplýsingar; eða
- Hækkað váttryggingariðgjald **þitt** eða lækkað váttryggingarbætur í samræmi við það sem við hefðum gert miðað við réttar upplýsingar frá upphafi.

TMÍ eða váttryggingaráðgjafi þinn mun hafa samband við þig skriflega/í tölvupósti ef við þurfum að fella niður trygginguna frá upphafi, ef við þurfum að breyta skilmálum váttryggingar þinnar eða hækka váttryggingariðgjaldið.

1 Greiðsla iðgjalda

1.1 Iðgjöld skal greiða eins og fram kemur í **váttryggingarskírteini þínu**.

1.2 Árleg iðgjöld þarf að greiða um leið og váttrygging tekur gildi og á 12 mánaða fresti eftir það.

1.3 Mögulegt er að skipta ársiðgjaldi í 10 mánaðarlegar greiðslur. Greiða skal við upphaf hvers mánaðar. Fyrsta greiðsla skal þó eiga sér stað eins fljótt og auðið er eftir þann dag sem váttrygging **tekur gildi** og á 12 mánaða fresti eftir það.

1.4 Greiðslufrestur fyrir hvert mánaðarlegt **iðgjald** getur mest verið einn mánuður.

2 Iðgjöld ekki greidd

2.1 Sé iðgjald ekki greitt samkvæmt skilmálum 1 mun váttryggingin vera í gildi í 14 daga eftir þennan eina mánuð sem veittur er í greiðslufrest („gildistíma“). Ef iðgjald er enn ógreitt mun váttrygging falla niður án greiðslu.

2.2 Hafi **tryggingin** fallið niður af þessari ástæðu áður en hún hefur verið í gildi í 12 mánuði er hægt að endurvekja hana innan eins árs frá gjalddaga ógreidda iðgjaldsins svo lengi sem eftirfarandi er uppfyllt:

- Yfirlýsing um óbreytt heilsufar váttryggðs og að aðrir þættir er varða áhættu séu samþykktir af AXIS Specialty Europe SE, og
- öll ógreidd **iðgjöld** eru greidd

2.3 Ef váttryggingin féll niður af þessari ástæðu eftir að hafa verið í gildi í 12 mánuði:

2.3.1 Er mögulegt að endurvekja váttrygginguna innan þriggja mánaða, svo lengi sem öll iðgjöld séu greidd.

2.3.2 Eftir þrjá mánuði en innan eins árs frá gjalddaga ógreidda iðgjaldsins svo lengi sem eftirfarandi er uppfyllt:

- Yfirlýsing um óbreytt heilsufar váttryggðs og að aðrir þættir er varða áhættu séu samþykktir af AXIS Specialty Europe SE, og
- öll ógreidd **iðgjöld** eru greidd

2.4 Í öllum ofangreindum tilfellum þar sem samningur er endurvakin mun váttryggingin taka aftur gildi frá upphafsdegi.

2.5 Ákveðum við að breyta skilmálum váttryggingarinnar frá því sem upprunalega var ákveðið, til að mynda með því að hækka iðgjöld eða krefjast aukagreiðslu fyrir endurvakningu samnings munum við þurfa undirskrift þína til að samþykkja nýja skilmála áður en váttryggingin er endurvakin.

3 Bætur vegna bótaskyldra sjúkdóma og örorku

3.1 Skilgreiningar

Í þessu samhengi merkir:

„**varanlegar taugaskemmdir**“ ákveðin skilgreinanleg einkenni á skemmdum á miðtaugakerfi sem gera má ráð fyrir að verði til staðar það sem eftir er af ævi **váttryggðs**, óháð því hvenær váttryggingarvernd lýkur eða **váttryggður** sest í helgan stein. Þessi einkenni geta verið dofi, ofurnæmi (aukið næmi), lömum, staðbundið máttleysi, tormæli, málstol, kyngingartregða, sjónskerðing, erfiðleikar með gang, skortur á samhæfingu, skjálftar, flog, vitglöp, tímabundin geðtruflun eða dá. Ekki er nóg að myndgreining sýni fram á skaða án þess að líkamleg eða andleg einkenni séu til staðar.

„**Opin hjartaskurðaðgerð**“ er aðgerð þar sem notast þarf við hjarta- og lungna hjáveitu eða hjarta- og lungna vél. Það á ekki við um hjartaaðgerðir þar sem ekki er notast við fyrrnefnt.

„**HIV**“ er ónæmisbilunarveira: veirusýking af völdum ónæmisbilunarveiru sem eyðileggur ónæmiskerfið smám saman.

„**Eyðni**“ er áunnin ónæmisbilun sem stafar af veirusýkingu: sem er síðasta og alvarlegasta stig **HIV** sýkingar og einkennist af merkjum og einkennum um alvarlega ónæmisbilun.

„alvarlegur sjúkdómur“ eða „örorka“ merkir eitt af eftirfarandi:

3.1.1 Alzheimer sjúkdómur / snemmbær elliglöp

Staðfest greining á Alzheimer sjúkdómi eða snemmbærum elliglöpum af taugasjúkdómalækni eða öldrunarlækni. Greiningunni til stuðnings þurfa að liggja fyrir upplýsingar um tap á hæfi til að:

- a) muna
- b) hugsa rökrétt

c) skynja, skilja, tjá eða framkvæma hugmyndir. Ástandið þarf að vera orðið það slæmt að viðkomandi þarfnist eftirlits allan sólarhringinn og aðstoðar auk þess sem það þarf að vera þannig að engin von sé á bata.

3.1.2 Skurðaðgerð á

meginslagæð/ósæðaraðgerð – vegna sjúkdóms eða alvarlegra áverka.

Vegna aðgerðar, þar á meðal aðgerðar um lítið op (e. *keyhole surgery*) vegna sjúkdóms eða áverka, á ósæð þar sem þarf að skera í eða skipta um hluta af ósæð. Í þessari skilgreiningu á slagæð/ósæð við um brjóstholshluta og kviðarholshluta ósæðar en ekki greinar hennar.

3.1.3 Heilahimnubólga af völdum bakteríu

Greining á heilahimnubólgu af völdum bakteríu og **varanlegur taugaskaði** staðfestur af taugalækni.

Aðrar tegundir heilahimnubólgu, þar á meðal vegna veiru, eru undanskildar.

3.1.4 Góðkynja heilaæxli

Góðkynja æxli í heila sem veldur **varanlegum skemmdum á taugum**. Æxli eða skemmdir í heiladingli falla ekki þarna undir.

3.1.5. Blinda

Alger, varanlegur og óafturkræfur missir á sjón á báðum augum.

3.1.6. Krabbamein

Bótakröfur vegna þessa hluta koma aðeins til skoðunar ef váttrygður greinist með, á gildistíma váttryggingar, krabbamein í fyrsta skipti að 90 dögum liðnum frá því að váttrygging tók gildi (eða frá því að váttrygging tók gildi að nýju eins og lýst er í skilyrði 2) og lifir í að minnsta kosti 14 daga frá greiningu.

Illkynja æxli sem einkennist af óstjórnlegum vexti og útbreiðslu illkynja frumna og ífarandi vexti í vefi. Innifalið í hugtakinu eru hvítblæði og Hodkin's sjúkdómur en undanskilin eru eftirfarandi:

i) öll æxli sem eru vefjafræðilega á forstigi, án íferðar eða setbundin.

ii) Öll æxli í blöðruhálskirtli nema vefjafræðilega skilgreind sem ofar en 6 á Gleason skalanum eða að minnsta kosti T2N0M0 á TNM skalanum.

iii) Allar tegundir eitilfrumuæxlis sem tilkomnar ef til er staðar ónæmisbilunarveira (HIV).

iv) Kaposi sarkmeið sé til staðar ónæmisbilunarveira (HIV).

v) Húðkrabbamein annað en ífarandi illkynja sortuæxli.

3.1.7 Dauðadá

Ástand með viðvarandi meðvitundarleysi, þar sem engin viðbrögð eru við utanaðkomandi áreiti eða innvortis þörfum. Ástandið þarf að standa yfir stanslaust í að minnsta kosti 96 klukkustundir og fela í sér **varanlegar taugaskemmdir** (sbr. Skilyrði 6)

3.1.8 Hjáveitu aðgerð á kransæðum

Opin hjartaskurðaðgerð að ráði hjartasérfræðings til þess að laga þrengsli í slagæðum með hjáveitugræðingi en ekki meðtaldar aðgerðir með hjartaþræðingu, laser eða aðrar aðgerðir.

3.1.9 Creutzfeldt-Jakob sjúkdómur

Greining á Creutzfeldt-Jakob sjúkdómi af taugasérfræðingi.

3.1.10 Heyrnarleysi

Alger, varanlegur og óafturkræfur missir heyrnar á báðum eyrum.

3.1.11 Hjartaáfall

Drep í hluta hjartavöðvans vegna skerts blóðflæðis sem valdið hefur öllum af eftirfarandi ummerkjum um brátt hjartadrep:

- i) Dæmigerður brjóstverkur
- ii) Auðkennandi breytingar á hjartalínuriti
- iii) Auðkennandi hækkun á hjartaensímum, trópónínum eða öðrum lífefnafræðilegum merkjum sem benda öll óumdeilanlega til þess að um brátt hjartadrep sé að ræða.

Aðrir bráðir kransæðasjúkdómar falla ekki undir þessa skilgreiningu.

3.1.12 Viðgerð eða skipti á hjartaloku

Hjartaskurðaðgerð sem er læknisfræðilega nauðsynleg til þess að gera við eða skipta um eina eða fleiri hjartaloku.

3.1.13 HIV/Alnæmi vegna líkamsárásar

Sýking af völdum ónæmisbilunarveiru (HIV) að því gefnu að:

- sýkingin sé tilkomin vegna líkamsárásar þar sem sprautunál eða sýkt eggvopn var snert gegn vilja viðkomandi eða kynferðislegrar árásar og
- atvikið hafi átt sér stað á Íslandi eftir að váttrygging tók gildi og hafi verið tilkynnt til lögreglu innan 5 daga og
- próf sé tekið innan 5 daga sem sýni fram á að ekki sé til staðar ónæmisbilunarveira (HIV) eða mótefni gegn henni og
- að jákvætt HIV próf sé tekið innan 12 mánaða frá því að árás átti sér stað.

3.1.14 HIV/Alnæmi af blóðgjöf

Sýking af völdum ónæmisbilunarveiru (HIV) að því gefnu að AXIS Specialty Europe SE sættist á það að sýking sé til komin vegna blóðgjafar sem átti sér stað af læknisástæðum á Íslandi eftir að váttrygging tók gildi samkvæmt **skírteini**.

3.1.15 HIV/Alnæmi (há-áhættustarf)

Sýking fyrir slysi af ónæmisbælandi veiru (HIV) hjá aðila sem starfar í heilbrigðisstétt/við tannlækningar, neyðarþjónustu (bráðabjónustu), fangelsisvörslu, lyfjafræði, aðstoð á rannsóknarstofum og öðru starfsfólki innan heilbrigðisgeirans sem er að sinna venjulegum vinnuskyldum á Íslandi, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

-sýking af völdum HIV sé til komin eftir að váttrygging tekur gildi samkvæmt

váttryggingarskírteini.

- Að atvikið sem olli HIV sýkingunni sé tilkynnt, rannsakað og skráð samkvæmt verklagsreglum innan þeirrar stéttar sem váttryggð(ur) tilheyrir.
- próf sé tekið innan 5 daga sem sýni fram á að ekki sé til staðar ónæmisbilunarveira (HIV) eða mótefni gegn henni og
- að jákvætt HIV próf sé tekið innan 12 mánaða frá því að árás átti sér stað.

3.1.16 Nýrnabilun

Óafturkræf nýrnabilun á lokastigi þar sem bæði nýru eru orðin óstarfhæf og þörf orðin á nýrnahimnuskiljun eða hafið ferli til að skipta um nýra.

3.1.17 Útlimamissir

Óviljandi missir tveggja eða fleiri útlima fyrir ofan úlnlið eða ökkla.

3.1.18 Missir Máls

Alger, varanlegur og óafturkræfur missir á hæfi til þess að tala vegna líkamlegra áverka eða sjúkdóms.

3.1.19 Meiriháttar líffæraígræðsla

Aðgerð til þess að skipta um beinmerg, hjarta, nýru, lifur, lungu eða bris eða það að vera skráður á opinberan biðlista í Evrópu fyrir slíkar aðgerðir.

3.1.20 MND Hreyfitaugahrörnun

Staðfesting taugalæknis á óumdeilanlegri greiningu á hreyfitaugasjúkdómi.

3.1.21 Heila- og mænusigg - MS

Óumdeilanleg greining taugalæknis á heila- og mænusiggi sem uppfyllir bæði af eftirfarandi: Skerðing á hreyfistarfsemi og starfsemi skynfæra sem þarf að hafa staðið yfir samfellt í að minnsta kosti sex mánuði. Greining þarf að vera staðfest með þeim greiningaraðferðum sem viðgangast á tíma greiningar.

3.1.22 Opin hjartaaðgerð

Opin hjartaaðgerð framkvæmd að ráði hjartasérfræðings til þess að leiðrétta afbrigðileika í byggingu hjartans.

3.1.23. Lömun / þverlömun

Alger og óviðsnúanlegur missir á vöðvavirkni eða tilfinningu í tveimur útlimum að fullu sem er tilkominn vegna líkamlegra meiðsla eða sjúkdóms. Örorðan þarf að vera varanleg og fyrir henni viðeigandi taugafræðilegar sannanir.

3.1.24 Parkinsons sjúkdómur

Staðfesting taugalæknis á óumdeilanlegri greiningu á Parkinsons sjúkdómi (sbr. Skilyrði 6)

3.1.25 Ágeng ofankjarnalömun (*Progressive Supra Nuclear Palsy*)

Staðfesting taugalæknis á óumdeilanlegri greiningu á stigvaxandi ofankjarnalömun.

3.1.26 Heilablóðfall

Blæðing í heilaæðum sem leiðir til **varanlegs taugaskaða**. Skammvinn heilablóðþurrð er sérstaklega undanskilin

3.1.27 Þriðja stigs bruni

Þriðja stigs bruni sem þekur að minnsta kosti 20% af yfirborði líkamans.

3.1.28 Alvarlegur höfuðáverki

Alvarlegur áverki á höfði sem veldur truflun á heilastarfsemi. Greining þarf að vera staðfest af sérfræðingi og með myndrannsóknum á taugakerfi, t.a.m. sneiðmyndatöku eða segulóm skoðun. Sárið þarf að hafa leitt til varanlegrar vangetu til þess að framkvæma að minnsta kosti þrjár af daglegum athöfnum, þ.e. að baða sig, klæða sig í og úr, að fara á og nota salernið, að fara fram úr rúmi og í stól eða úr stól í rúm, stjórna hægðum og þvaglátum, borða, drekka og/eða taka lyf annars þarf viðkomandi að vera rúmfastur og ófær um að komast á fætur án aðstoðar. Staðfesta þarf af læknum að ástandið hafi staðið yfir í að minnsta kosti þrjá mánuði.

3.1.29 Lungnaháþrýstingur (*Primary pulmonary hypertension*)

Ástand þar sem meðalþrýstingur í lungum fer yfir 20 mmHg í liggjandi hvíldarstöðu vegna skemmda á lungnaslagæðlingum. Greining þarf að vera að fullu staðfest af sérfræðingi með hjartaþræðingu þar sem meðalþrýstingur í lungnaslagæð er yfir 20 mmHg og ofstækkun eða útvíkkun í hægri hvolvi og merki um hjartabilun hægra megin þurfa að vera til staðar í að minnsta kosti þrjá mánuði.

3.1.30 Blóðskortur vegna hnignunar í beinmerg (*vaxtarskortsblóðleysi/aplastic anemia*)

Greining þarf að vera staðfest af sérfræðingi og byggð á sýni úr beinmerg. Staðfesta þarf risarauðkornablóleysi, daufkyrningafæð og

blóðflagnafæð með blóðrannsókn og nauðsynlegt þarf að vera að grípa til eftirfarandi tegunda af meðferð: ónæmisbælandi meðferð, meðferð með örvandi efnum fyrir beinmerg í að minnsta kosti þrjá mánuði, meðferð með blóðgjöf.

3.2 Bætur

Greinist váttryggð/ur í fyrsta skipti með alvarlegan sjúkdóm eða örorku sem tiltekin er í 3.1, að krabbameini undanskildu, eftir að váttrygging **tekur gildi** og áður en hún **rennur úr** gildi eins og tiltekið er í **váttryggingarskírteini** og lifir í 14 daga frá greiningardegi verður mögulegt að greiða **váttryggingarfjárhæð**. Greiðslur bóta falla undir þær undantekningar sem tilgreindar eru í 6.1. Séu greiddar út bætur þarf að endurnýja **váttrygginguna** og bjóða **þeirri váttryggðu/þeim váttryggða** endurnýjun eigi það við, að samþykktum breytingum á skilmálum og/eða **iðgjaldi**.

3.3 Bótakröfur og tilkynningar

Bótakrafa þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

3.3.1 Þú verður að láta **Tryggingamiðlun Íslands** vita innan árs frá greiningu á alvarlegum sjúkdómi eða örorku. **Við** getum lengt þessi tímamörk ef þessi alvarlegi sjúkdómur eða örorka er orsök tafanna við að láta **okkur** vita.

3.3.2 Þú færð eyðublað fyrir bótakröfu sem **þú** verður að fylla út og skila til **Tryggingamiðlunar Íslands** innan eins mánaðar frá útgáfu þess. **Við** greiðum aðeins bætur ef og þegar **við** erum þess fullviss að bótakrafa sé réttmæt.

3.3.3 Til þess að fá greiddar bætur þarf í öllum tilfellum að veita **okkur** þær upplýsingar sem við óskum eftir. Í því kann að felast:

- i) lækni á okkar vegum gæti þurft að skoða **váttryggða(n)**.
- ii) sé um að ræða eitlakraabbamein eða kaposi-sarkmeini gæti þurft gögn sem sýna fram á það

með blóðrannsókn eða öðrum aðferðum að viðkomandi sé ekki með ónæmisbilunarveiru eða mótefni við slíkri veiru.

lii) hverja aðra læknisrannsókn sem læknir á

okkar vegum kann að telja nauðsynlega og

iv) aðgang að læknaskýrslu

vátryggðrar/vátryggðs.

3.3.4 Allar sjúkdómsgreiningar og læknisfræðileg álit skulu gefin af sérfræðingi sem:

i) uppfyllir allar venjulegar hæfiskröfur og

ii) er viðurkenndur af yfirlækni okkar og

iii) hefur sérfræðimenntun til að meta orsök kröfunnar.

Nánari útskýringar á bótakröfufurli er að finna í lið 8 á blaðsíðu 15.

4 Bætur vegna algerrar og varanlegrar örorku

Þessar bætur koma til greiðslu hljóti **vátryggð(ur)** varanlega og algera örorku samkvæmt **skilmálum** tryggingarinnar.

4.1 Skilgreiningar

Í samhengi þessara skilmála merkir „varanleg örorka“:

Að **vátryggð(ur)** sé algerlega og varanlega, áður en tryggingin endurnýjast eftir að 60 ára aldri er náð, ófær um þrjú af fimm neðangreindum atriðum án aðstoðar annarrar manneskju en með nauðsynlegum hjálparbúnaði, það sem eftir er ævinnar. Vegna veikinda eða slyss og án tillits til þess hvenær vátryggingartíma lýkur eða hvenær **vátryggð(ur)** sest í helgan stein.

1 Ganga

Fær um að ganga 200 metra á sléttu án þess að stoppa eða líða alvarleg óþægindi.

2 Beygja sig

Fær um að fara inn í eða út úr venjulegum fjölskyldubíl og fær um að beygja eða krjúpa til þess að taka eitthvað upp úr gólfinu eða rétta úr sér.

3 Samskipti

Fær um að svara í síma.

4 Lesa

Geta séð nægilega vel til þess að lesa dagblað.

5 Skrifa

Hafa líkamlega getu til þess að skrifa skiljanlega með penna eða blýanti.

4.2 Bætur

Ef **vátryggður** hlýtur varanlega örorku (eins og skilgreint hér á undan) eftir að vátrygging **tekur gildi** og áður en hún rennur **úr gildi** getur komið til greiðslu bóta. **Við** greiðum ekki bætur ef einhver undantekninganna í 6.2 á við. Haft verður samband við **okkur** innan eins mánaðar frá upphafi örorku. Ekki er mögulegt að greiða bætur fyrir en fullnægjandi gögnum hefur verið skilað til AXIS Specialty Europe SE um það að örorka sé sannanlega til staðar. Komi til greiðslu bóta þarf að fara yfir trygginguna á ný og endurnýja hana ef mögulegt er með tilheyrandi breytingum á skilmálum og/eða iðgjaldi.

4.3 Bótakröfur og tilkynningar

Krafa til bóta úr þessari tryggingu þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

4.3.1 Þú þarft að halda áfram að greiða **iðgjald** af tryggingunni þar til **við** samþykkjum bótaskyldu.

4.3.2 Þú færð eyðublað um bótakröfu sem **þú** þarft að fylla út og koma til **TMÍ** innan eins mánaðar frá afhendingu. **Við** greiðum ekki bætur fyrir en við erum þess fullviss að bótakrafa sé gild.

4.3.3 Greiðsla bóta mun ávallt vera háð því að okkur berist allar þær upplýsingar sem við óskum og teljum fullnægjandi. Þar á meðal teljast, eins oft og við kunnum að óska þess:

i) sannanir þess að **vátryggð(ur)** sé í viðunandi læknismeðferð hjá aðila sem hefur til þess tilskilin leyfi og fari í allar meðferðir sem honum eru ráðlagðar,

- ii) niðurstöður úr blóðprufu til sönnunar þess að **vátryggð(ur)** sé ekki með ónæmisbilunarveiru eða mótefni við slíkum vírus,
- iii) að **vátryggð(ur)** fari í lækni skoðun hjá lækni á okkar vegum,
- iv) að **vátryggð(ur)** undirgangist lækni skoðun sem yfirlæknir okkar fer fram á.
- v) afrit af lækna skýrslum.

4.3.4 Neiti **vátryggð(ur)** að undirgangast meðferð eða aðgerð sem læknir telur nauðsynlega eða ef við teljum ekki sannað að örorka sé varanleg, alger og óviðsnúanleg fellur bótaskylda okkar niður í þessum hluta.

4.3.5 Ef þú eða **vátryggð(ur)** eða einhver fyrir þína hönd leggur fram bótakröfu vitandi þess að það sé á fölskum forsendum eða sviksamlegt að einhverju leiti verður þessi trygging ógild. Það þýðir að **við** munum ekki greiða sviksamlegar eða falskar bótakröfur né aðrar sem kunna að koma á eftir þeim. Upplýsingar um það hvernig leggja skal fram bótakröfu má finna undir lið 8.

5 Veikindi barna og örorkubætur

5.1 Skilgreiningar

Í þessu samhengi ber „alvarlegur sjúkdómur og örorka“ sömu merkingu og í skilyrði 3.1.

5.2. Bótagreiðslur

Aðeins getur komið til bótagreiðslu undir þessum hluta ef vátryggður er ekki með neina aðra **tryggingu** innan **AXIS**, þar á meðal *Veikindi barna og örorku barna*. Undantekningar sem fram koma í 6.3 eiga við hér. Ef barn **vátryggðs** greinist með, fær eða þjáist af alvarlegum sjúkdómi eða örorku, sem tiltekin er í 3.1 og lifir í að minnsta kosti 30 daga, eftir að vátrygging tekur gildi og eftir að það hefur náð 90 daga aldri og áður en það nær 18 ára aldri, koma til greiðslu 50% af heildar vátryggingarfjárhæð eða í mesta lagi £20.000.

Þessar vátryggingarbætur eru háðar eftirfarandi skilyrðum:

5.2.1 Þessi vátryggingarvernd er sjálfkrafa innifalin ef **vátryggð(ur)** á börn á aldrinum 90 daga til 18 ára. Þegar barn vátryggðs nær 90 daga aldri bætist það sjálfkrafa við vátryggingarvernd.

5.2.2 Greiðsla bóta hefur ekki áhrif á **vátryggingarfjárhæð**.

5.2.3 Bætur geta aðeins komið einu sinni til greiðslu vegna hvers barns og að hámarki vegna þriggja barna. Komi til greiðslu vegna veikinda þriðja barns fellur vátryggingin niður.

5.2.4 Þegar barn **vátryggðs** nær 18 ára aldri fellur vátryggingarvernd niður fyrir það barn.

5.2.5 Þessi vátryggingarvernd eða nokkur svipuð henni verður ekki innifalin í öðrum vátryggingum af þessu tagi sem **vátryggð(ur)** kann að taka.

5.3 Bótakröfur og tilkynningar

5.3.1 Tilkynna þarf **Tryggingamiðlun Íslands** eða vátryggingaráðgjafa innan eins árs frá greiningu sjúkdóms eða örorku.

5.3.2 **Tryggingamiðlun Íslands** sendir þér þá eyðublað fyrir bótakröfu. Þessu eyðublaði þarf að skila til **TMÍ** innan eins mánaðar frá útgáfu. Við greiðum ekki bætur fyrr en **við** erum þess fullviss að krafa sé gild.

5.3.3 Greiðslur bóta verða ávallt undir því komnar að okkur berist þær upplýsingar sem við teljum fullnægjandi. Í því getur talist að læknir á okkar vegum geri skoðun á barninu, taki blóðprufur eða geri aðrar rannsóknir sem talið er þörf á auk þess að skoða lækna skýrslur barnsins. Nánari upplýsingar um það hvernig stofna skal til bótakröfu er að finna undir lið 8 á blaðsíðu 15.

6 Hvað er ekki bætt

6.1 Þessi váttrygging bætir ekki tjón sem hafa af einhverju leiti orðið til vegna eða sem afleiðing af:

6.1.1 stríði í nokkru formi, hvort sem slíku hefur verið lýst yfir eða ekki. Eða vegna þátttöku í óeirðum, uppreisn eða hryðjuverkum.

6.1.2 meiðslum sem viðkomandi veldur sér sjálfur eða viljandi.

6.1.3 misnotkun áfengis eða lyfja/eiturlyfja. Það á við um misnotkun á nokkurs konar lausnum eða áfengum drykkjum sem og nokkurs konar lyfjum nema þeirra sem tekin eru samkvæmt ávísun og leiðbeiningum um notkun þeirra fylgt.

6.1.4 HIV/Eyðni. Því að váttryggður sé með ónæmisbilunarveiru eða mótefni við slíkri veiru.

6.1.5 Því að nota eða hóta notkun á sjúkdómsvaldandi eða eitruðum lífrænum eða tilbúnum efnum sem staðið er að af fólki sem ætla sér að hafa áhrif á ríkisstjórn og/eða hræða almenning eða ákveðinn hluta almennings af pólitískum, trúarlegum, hugmyndafræðilegum eða einhverjum áþekktum ástæðum.

6.1.6 kjarnahvarfi, kjarnageislun eða geislavirkri mengun.

6.1.7 Því að þú takir þátt í herþjónustu eða heraðgerðum.

6.1.8 Því að þú leggir sjálfa(n) þig viljandi í hættu (nema það sé til þess að bjarga mannlífi).

6.1.9 að þú fremjir glæp.

6.1.10 Taugaveiklun, hugsýki, persónuleika-röskunum eða geðrofi, kvíða, þunglyndi, álagi, þreytu, kulnun (burnout) eða öðrum andlegum eða geðrænum röskunum.

6.1.11 Ástands, hvort sem það hefur verið greint eða ekki, sem þú hefur leitað læknisráðs, greiningar, meðferðar eða ráðgjafar yfir eða sem þú

varst eða ættir að hafa verið meðvituð/aður um þegar váttryggingin tók gildi eða sem þú þurftir að leita meðferðar við á einhverjum tímapunkti á síðustu þremur (3) árum áður en váttryggingin tók gildi.

6.2 Við greiðum ekki bætur vegna veikinda barna eða örorku (sjá 5) þegar veikindin eða örorkan er vegna veikinda, ástands eða sjúkdóms sem **váttryggður** var meðvitaður um eða ætti að hafa verið meðvitaður um þegar tryggingin tók gildi eða var endurvakin eða sem var til staðar áður en barn var löglega ættleitt af **váttryggðum**.

6.3 Ekki verður veitt vernd undir þessari váttryggingu eða greiddar úr henni bætur sé það í bága við lög, höft, bönn eða takmarkanir.

6.4 Við greiðum ekki bætur vegna líkamsmeiðsla, eða veikinda, eða fyrir tjón, skaða, kostnað eða útgjöld sem tilkomin eru, viljandi eða óviljandi, vegna notkunar, eða vanhæfni til þess að nota, smáforrit, hugbúnað eða forrit í tengslum við raftæki (til að mynda tölvu, fartölvu, snjallsíma, spjaldtölvu eða raftæki sem tengst getur internetinu).

7 Endurskoðun tryggingar

7.1 Þessi trygging er endurskoðuð á fimm ára fresti. Við þá endurskoðun verður tryggingin þín ýmist endurnýjuð án breytinga, endurnýjuð með breytingum sem gerðar hafa verið á skilmálum og/eða ársiðgjaldi í millitíðinni eða felld úr gildi.

7.2 Við endurskoðun váttryggingar verður tekin til greina afstaða okkar til eftirfarandi forsenda:

- Bótakröfur á komandi árum
- Ávöxtun á hagnaði vegna iðgjalda
- Fjölda váttryggðra sem segja upp váttryggingum sínum áður en samningstíma lýkur
- Verðbólgu
- Skattlagningar
- Þess fjármagns sem okkur er skylt að halda í varasjóðum sem haldið er til haga fyrir bótakröfur, ásamt
- Þeirri upphæð sem okkur er skylt að greiða endurtryggjendum sem deila með okkur kostnaði við váttryggingarvernd og

bótakröfur með tilliti til þeirra forsenda sem fram koma í þessum lið.

- Heilsu þinnar eftir fyrri bótakröfur úr þessari tryggingu.

7.3 Við hverja endurskoðun tryggingarinnar er miðað við nýjustu forsendur sem eru til staðar, hvort sem það er frá síðustu endurnýjun eða töku tryggingar (hafi endurskoðun ekki farið fram áður). Við endurmatið notum við sanngjarna og réttmæta aðferð við að reikna breytingar á iðgjaldi þínu. Það er ekkert hámark eða lágmark á þeim breytingum sem geta orðið á iðgjaldi. Gögn úr öðrum tryggingum sem þú kannt að hafa hjá AXIS verða ekki notuð við endurmat á iðgjaldi.

7.4 Tilkynningar um breytingar

Við látum þig vita með 30 daga fyrirvara komi til þess að það þurfi að gera breytingar á tryggingunni þinni. Þurfi að hækka iðgjaldið til þess að halda sömu váttryggingarfjárhæð látum við þig einnig vita hvernig við gætum lækkað váttryggingarfjárhæð til þess að halda því iðgjaldi sem þú ert að greiða.

Hafi einhverjum réttindum úr tryggingunni verið afsalað við töku hennar mun breytt iðgjald einnig taka tillit til þess.

7.5 Framkvæmd breytinga

Iðgjald kemur til með að hækka sjálfkrafa í þá upphæð sem þarf til þess að halda óbreyttri váttryggingarfjárhæð nema okkur berist skrifleg beiðni frá þér með að minnsta kosti 14 daga fyrirvara um að halda iðgjaldi óbreyttu og lækka váttryggingarfjárhæð. Við sendum þér svo staðfestingu þess efnis að breytingar hafi gengið í gegn. Í bréfinu koma þá fram upplýsingar um nýja váttryggingarfjárhæð og iðgjald.

8 Hvernig á að sækja um bætur

8.1 Þú þarft að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram hér að neðan. Komumst við að þeirri niðurstöðu að það að þú hafir ekki farið eftir þeim skilyrðum sem fram koma að neðan hafi haft áhrif á kröfu þína til bóta úr þessari tryggingu getum

við neitað greiðslu bóta eða lækkað upphæð bótanna sem við greiðum.

8.1.1 Komi til líkamsmeiðsla eða veikinda sem verða til eða gætu orðið til bótakröfu undir þessari váttryggingu verður þú að gera eftirfarandi eins fljótt og auðið er:

- a) leita til læknis með tilskilin starfsleyfi og
- b) tilkynna tjón til TMÍ:

Tryggingamiðlun Íslands
Hlíðasmára 12
201 Kópavogi
Sími: +354 553 6688
Netfang: claim@tmi.is

8.1.2 Þú verður að veita TMÍ eða læknisfræðilegum ráðgjafa TMÍ allar nauðsynlegar heimildir til þess að fá aðgang að og skoða allar læknaskýrslur, læknabréf og samskipti sem eiga við um efni bótakröfunnar eða tengt ástand sem til staðar var fyrir. Læknisfræðilegur ráðgjafi þarf að geta skoðað þig eins og TMÍ telur nauðsynlegt.

8.1.3 Þú verður að veita TMÍ allar nauðsynlegar upplýsingar, þar á meðal umsókn um bótakröfu (claim form) sem er að fullu útfyllt. Nánari upplýsinga verður aðeins óskað í tengslum við bótakröfu þína.

8.1.4 Tilkynna þarf um allar bótakröfur undir þessari tryggingu til TMÍ innan eins árs frá því að þér varð kunnugt um þörf á bótakröfu.

8.2 Bætur sem greiðast undir þessari tryggingu greiðast til váttryggingartaka eða umboðsmanns hans eða þess sem hefur verið úthlutað tryggingunni á lögmætan hátt.

9 Lög sem eiga við um váttrygginguna

9.1 Váttryggingarskilmála skal lesa og túlka í samræmi við lög þess lands sem tiltekið er í váttryggingarskírteini.

10 Réttthafabreyting

Breytingar á réttthafa þarf að tilkynna til TMÍ. Vátrygginguna er ekki hægt að færa á aðila sem ekki hefur náð 18 ára aldri og AXIS Specialty Europe SE ber engin skylda til þess að taka gilda ósamþykka breytingu á réttthafa til einstaklings undir 18 ára aldri.

11 Breyttar kringumstæður

Við höfum heimild til þess að breyta skilmálum vátryggingar þinnar í samræmi við breytingar á skattlagningu, vátryggingalögum eða öðrum lögum sem kunna að hafa áhrif á skyldur okkar innan vátryggingarinnar. Við höfum einnig rétt til þess að breyta skilmálum tryggingar þinnar eða loka henni í kjölfar bótakröfu.

12 Réttindi annarra aðila

12.1 Við ásamt **vátryggðum** erum aðilar að þessum samningi.

12.2 Ekki er ætlast til þess að nokkur annar hafi bein eða óbein réttindi innan þessarar vátryggingar nema annað sé tekið fram.

13 Almenn

13.1 Senda skal allar leiðbeiningar, tilkynningar og beiðnir til **TMÍ** þar sem með þurfa að fylgja öll gögn, upplýsingar og samningar sem TMÍ kann að þurfa.

13.2 Þar sem samhengi leyfir skulu orð í eintölu einnig fela í sér fleirtölu og karlkynsorð fela einnig í sér kvenkyn og önnur kyn og öfugt.

13.3 Áður en kemur til greiðslu bóta þurfum við að fá sönnun fyrir því að fæðingardagur vátryggðs sé réttur í umsókn.

13.4 Komi í ljós að **vátryggður** sé eldri en umsókn gefur til kynna verða bætur greiddar í samræmi við þá upphæð sem við hefðum boðið viðkomandi ef réttur aldur hefði verið gefinn upp í upphafi. Í þeim tilfellum þar sem ekki hefði verið boðið upp á vátryggingarvernd munum við endurgreiða öll iðgjöld sem greidd hafa verið án vaxta.

13.5 Komi í ljós að vátryggður sé yngri en fram kemur á umsókn munum við reikna út það iðgjald sem viðkomandi hefði greitt hefðum við verið með réttan aldur frá upphafi vátryggingar og greiðum það sem hefur verið ofgreitt miðað við það.

13.6 Vátrygging þessi fellur sjálfkrafa niður þegar viðkomandi hefur náð 65 ára aldri.

14 Vátryggingu sagt upp

14.1 Vátryggður getur sagt tryggingunni upp hjá TMÍ hvenær sem er.

14.2 Við uppsögn er reiknað út hlutfallslega hversu mikla vernd viðskiptavinur hefur greitt fyrir og endurgreitt fyrir þann tíma sem viðkomandi mun ekki nýta.

15 Skilgreiningar

Almennar skilgreiningar sem notast er við í þessu skjali. Nokkur hugtök hafa verið feitletruð í textanum og merkingar þeirra eru skilgreindar hér.

Líkamsskaði

Á við um greinanleg líkamsmeiðsl sem koma til vegna

- slyss og
- eingöngu og algjörlega óháð nokkurri annarri orsök (að undanskildum veikindum eða sjúkdómum sem af þeim kunna að leiða eða lækni meðferðum eða skurðaðgerðum sem kunna að verða nauðsynlegar í kjölfar slíkra meiðsla)

valda dauða **þínum** eða örorku innan tólf mánaða frá degi slyss.

Sjúkdómur/sjúkdómar

Á við um veikindi **þín** eða sjúkdóm þar sem fyrstu einkenni birtast á gildistíma tryggingar og verða eingöngu og óháð annarri orsök til þess að valda algerri örorku **þinni** innan 12 mánaða frá því að einkenni komu fyrst fram.

Gildisdagsetning

Sú dagsetning sem kemur fram í váttryggingarskírteini og greiðsla iðgjalda miðast við. Sú dagsetning kann að vera fyrir þann dag sem **váttryggingarvernd** hefst. **Við** notum þessa dagsetningu einnig til þess að reikna upphaf váttryggingarárs og lok gildistíma váttryggingar.

Lokadagsetning

Lokadagsetning váttryggingar þinnar komi ekkert annað til að enda hana fyrr.

Váttryggður

Sá einstaklingur sem kemur fram í váttryggingarskírteini þínu og fellur undir váttryggingarvernd AXIS Specialty Europe SE. Hér er vísað til málfræðilegs kyns og sá váttryggði á við um þann einstakling sem tryggður er hvers kyns sem hann/hún/hán er.

Við

AXIS Specialty Europe SE.

Váttryggingarsamningur

Lögbindandi samningur sem tilgreindur er í **váttryggingarskírteini** þínu og þessir **váttryggingarskilmálar**.

Skilmálar váttryggingar

Almennir skilmálar og skilyrði sem fram koma í þessu skjali.

Handhafi váttryggingarskírteinis

Eigandi váttryggingar. Handhafi váttryggingarskírteinis er frá upphafi sá/sú váttryggða/i í váttryggingarskírteini þínu.

Váttryggingarskírteini

Skjalið þar sem tilgreindir eru sérskilmálar þinnar váttryggingar sem og þín váttryggingarvernd, auk ársiðgjalds og tímabil váttryggingarverndar.

Váttryggingartímabil

Sá fjöldi ára sem líður frá því að váttrygging tekur gildi og þar til henni lýkur.

Váttryggingarár

Árið sem líður frá því að váttrygging tekur gildi og þar til annað váttryggingarár hefst.

Ársiðgjald

Sú upphæð sem þú þarft að greiða okkur yfir váttryggingartímabilið. Í váttryggingarskírteini þínu kemur fram sú upphæð sem þú þarft að greiða fyrstu fimm árin. Eftir það kann sú upphæð að breytast, eins og fram kemur í lið 7.

Upphafsdagur váttryggingarverndar

Sú dagsetning sem fram kemur í váttryggingarskírteini þínu, þegar váttryggingarvernd og bótaskylda hefjast.

Váttryggingarfjárhæð

Upphæðin sem fram kemur í váttryggingarskírteini þínu kemur til greiðslu þegar við höfum fengið fullnægjandi staðfestingu á því að váttryggð/ur sé:

- Greindur með eða þjáist af alvarlegum sjúkdómi eða örorku eins og tilgreint er í lið 3, eftir upphafsdag váttryggingarverndar og áður en trygging fellur úr gildi; eða
- Kominn með algera og varanlega örorku fyrir 60 ára aldur eftir upphafsdag váttryggingarverndar og áður en trygging fellur úr gildi.

TMI

Tryggingamiðlun Íslands ehf.
Hlíðasmári 12
201 Kópavogur
Sími: +354-553-6688
Netfang: tmi@tmi.is

Við

AXIS Specialty Europe SE.

Þú

Vátryggð/ur

